



Fundargerð

1489. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn á Tjarnargötu 12
31. október 2024, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders, og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Fjárhagsáætlun 2025-2028 (2024050440)

Regína F. Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs mætti á fundinn.

Umræður um fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2025-2028.

2. Grænásbraut 910 (2023030333)

Margrét A. Sanders vék af fundi undir þessum lið.

Regína F. Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs mætti á fundinn og kynnti kauptilboð í Grænásbraut 910.

Bæjarráð samþykkir framkomna tillögu og felur Kjartani Má Kjartanssyni bærarstjóra að vinna áfram í málinu.

3. Berghólabraut 3 - framlenging á afnotaleyfi á lóð (2023040518)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs mætti á fundinn.

Lögð fram drög að leigusamningi um tímabundinn afnotarétt af landsvæði.

Bæjarráð felur Halldóru Fríðu Þorvaldsdóttur starfandi bærarstjóra að undirrita leigusamninginn.

4. Blái herinn - beiðni um styrk (2024100389)

Lögð fram beiðni um styrk að upphæð kr. 1.500.000.

Bæjarráð þakkar Bláa hernum fyrir þeirra framlag í umhverfismálum á svæðinu en getur því miður ekki orðið við beiðni um styrk að svo stöddu.

5. Breyting á skipan embætta í bæjarráði (2024010091)

Vegna tímabundinnar ráðningar Halldóru Fríðu Þorvaldsdóttur í stöðu bærarstjóra samþykkir bæjarráð að Guðný Birna Guðmundsdóttir verði formaður bæjarráðs og Bjarni Páll Tryggvason verði varaformaður bæjarráðs.

6. Mengunarhætta frá eldsumbrotum á vatnsverndarsvæði (2024010247)

Lagt fram minnisblað um mögulega mengunarhættu frá eldsumbrotum á vatnsverndarsvæðum á Reykjaneskaganum.

7. Skógræktarfélag Íslands - ályktun vegna vörsluskyldu búfjár (2024100421)

Lagt fram til kynningar bréf frá Skógræktarfélagi Íslands.

8. Fundargerð aðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga 9. október 2024 (2024090259)

Lögð fram til kynningar fundargerð aðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga.

9. Fundargerð stjórnar Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. 15. október 2024 (2024010179)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Kölku sorpeyðingarstöðvar sf.

10. Stjórnarfundur Tjarnargötu 12 ehf. (2024060233)

Regína F. Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu og Einar Snorrason umsjónarmaður fasteigna mættu á fundinn.

Farið yfir stöðu framkvæmda sem lokið er. Regína F. Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs og Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs munu koma með nákvæmari fjárhagsáætlun vegna þeirra framkvæmda sem eftir eru.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:25